

einnig er hjer innan í, en með fram tjáð mjer, að með næsta póstkípi sje von á enn fleiri skjölum, sem endurskoðunina snerta, en að þau skjöl, sem deildin ekki má án vera til að ljúka við endurskoðun á fyrri ára reikningum, verði send á eptir, þegar því verki sje lokið. 31
4. apríl.

Um leið og jeg sendi herra landfógetanum reikninga þá ásamt fylgiskjölum, sem tald-ir eru á nefndum skráum fyrir 1874, svo og eldri skjöl, skal jeg þjónustusamlega biðja yður að taka sem fyrst til endurskoðunar á þessum reikningum, og halda henni áfram með þeirri atorku, sem kringumstæðurnar leyfa, með því jeg verð að telja einkar-æskilegt að venju þeirri, sem hingað til hefir viðgengizt, að endurskoðunin hefir jafnan verið ári eða meiru á eptir reikningunum, verði sem bráðast breytt á þá leið, að reikningarnir verði teknir til endurskoðunar, jafnótt og þeir koma frá hlutaðeigandi reikningssemjöndum.

Skylduð þjer við endurskoðun reikninganna fyrir 1874 þurfa skýringa úr þeim eldri reikningum, er fyrst um sinn verða hjá deildinni, og þeim athugasemdum og úrskurðum, er við þá hafa verið gjörðir, verður herra landfógetinn að snúa sjer hingað áleiðis til deildarinnar.

Jafnframt og endurskoðun meðfylgjandi reikninga er lokið, verður að senda athugasemdirnar landshöfðingja, sem annast um, að þeim verði svarað af hlutaðeigandi reikningssemjöndum, eins og um annað nauðsynlegt, er hjer að lýtur.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um hjálp Dana og Englendinga við öskufólkið í Múlasýslum.* — Ráðgjafinn fyrir Ísland hefir 23. febrúar þ. á. ritað mjer á þessa leið: 32
5. apríl.

Út af skýrslu þeirri frá 30. nóvbr. f. á., sem þjer, herra landshöfðingi, hafð sent hingað um ástandið í sveitum þeim, er orðið hafa fyrir skaða af eldgosum síðastliðið ár, skal yður þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar, að skýrsla þessi hefir verið allraþegnlegast borin undir hans háttign konunginn, og að eptirrit af ágripi af henni hefir verið sent nefnd þeirri, er hjer hefir gengizt fyrir að safna gjöfum handa nauðstöddum Íslendingum, og hefir þar að auki samkvæmt því, sem hefir verið farið fram á í brjefi sýslunefndarinnar í Suður-Múlasýslu, sem fylgdi brjefi yðar, verið skorað á utanríkisstjórnina að flytja lord mayor Lundúna þakki þær, er sýslunefndin hefir látið í ljósi fyrir hin- ar miklu gjafir, sem sendar hafa verið hinum nauðstöddu sveitum í Múlasýslum frá nefnd þeirri, er myndast hafði í Lundúnum undir forsæti lord mayors (borgarstjórans).

Þetta er hjer með tjáð yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birt- birtingar fyrir hlutaðeigöndum.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um land- skuldaruppgjöf.* — Eptir að jeg hafði sent ráðgjafanum fyrir Ísland bóнарbrjef það, er jeg meðtók með brjefi herra amtmannsins frá 1. septbr. f. á. um að veitt verði hrepps- nefndinni á Vestmannaeyjum uppgjöf á 60 fiska landskuld af tómthúsinu Hólshúsi, sem notað hefir verið fyrir fátækrahús, en nú er í ráði að byggja upp, ef hin umbeðna uppgjöf verður veitt, hefir ráðgjafinn í brjefi frá 29. febrúar þ. á. tjáð mjer, að hann sjái sjer ekki fært að veita það, sem beðið hefir verið um, en að tillaga um það muni verða tekin inn í frumvarpið til fjárlaga fyrir 1878—79. 33
5. apríl.

Þetta er hjer með þjónustusamlega tjáð yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leið- beiningar og birtingar.

Hinn 6. maí 1876.